

Háskólafélag Suðurlands

21. nóvember 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýsköpunar-, rannsóknar- og þróunarsjóð ferðaþjónustunnar, 62. Mál.

Háskólafélag Suðurlands fagnar því að setja eigi á laggirnar nýsköpunar-, rannsóknar- og þróunarsjóðs í þágu ferðaþjónustu í samvinnu við menningar- og viðskiptaráðherra sem fer með málefni ferðaþjónustunnar.

Í fyrstu drögum að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030, lið C. rannsóknir og nýsköpun, (C.2 Efling rannsóknarinnviða á sviði ferðamála og C.3 Hvati til nýsköpunar í ferðaþjónustu) er athygli beint að þessum þáttum sérstaklega sem undirstrikar þörfina eins og hún birtist þeim fagaðilum sem þekkja greinina hvað best og styður tillöguna.

Hins vegar má alveg skoða hvort sjóðurinn eigi heima undir hatti Rannís eða beint undir ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar líkt og Lóa - nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina og Fléttan - styrkir til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu þar sem það hefur sýnt sig sem skilvirkt og gott kerfi. Eins mætti hafa í huga við samningu úthlutunnar reglna að tekið sé tilliti til staðsetningu verkefnis, mögulega með auknu vægi, svo það nýtist jafnframt til uppbyggingu verkefna á landsbyggðinni.

Fyrir hönd Háskólafélags Suðurlands,

Ingunn Jónsdóttir - framkvæmdastjóri